

# Fundur í foreldraráði, foreldrafélags FSH 18.febrúar 2009

Mættar voru; Elín, Elfa, Árninna og Helga

Fjarverandi vegna vinnu; Viðar og Fanney

- ✓ Farið yfir reglur foreldrafélaga annarra framhaldsskóla og ákveðið að taka reglur framhaldsskóla Vesturlands og gera þær að okkar með smávægilegum breytingum.
- ✓ Formaður nefndar er Elfa Signý Jónsdóttir, ritari er Helga Sveinbjörnsdóttir, fulltrúi ráðsins í skólanefnd er Elín Hartmannsdóttir og Helga til vara.
- ✓ Umræður um hvernig verði best að standa að fundaboði á aðalfund og hvernig verði einfaldast að ná að höfða til foreldra 1. og 2. árs nema. Netfangalista kannski hægt að fá hjá skólanum og nota hann og auglýsa að auki með auglýsingu í búðum, og fá að vera samferða FSH í hauststartinu í Skránni
- ✓ Fundargerð ráðsins verður birt á vef skólans undir flipa merktum foreldraráði, og einnig útprentuð í möppu.
- ✓ Félagið heitir Foreldrafélag FSH
- ✓ Árninna fer í að stofna reikning í sparisjóði S-Ping fyrir félagið. Hugsunin með að hafa reikning er að þar er hægt að taka við fé ef einhver vill styrkja félagið og með styrkjum gæti félagið t.d. stutt nemendur til að bæta aðstöðu og eða styrkja NEF í verkefnum.
- ✓ Hugmynd kom upp um að gaman væri að hressa aðeins uppá setu/kaffistofuna niðri og efla „hádegismenningu“ í skólanum.
- ✓ Ákveðið var að ath hvort hægt verði að fá fyrirtæki með ögn meiri metnað en hefur komið undanfarnar annir með bókamarkaðinn, eða lýsa óánægju með núverandi þjónustuaðila og krefjast breytinga á framboði námsbóka og viðmóti sölufólks. Okkur virðist sem flestir nemendur þurfi að keyra inneftir eftir ótrúlega mörgum bókum sem eru notaðar í algengum áföngum við skólann.
- ✓ Óskum eftir að fá hugmyndalista nema sem urðu til í könnun skólans nýverið. Og reyna að gera það sem í okkar valdi stendur að ná fram breytingum og/eða halda í stöðu, þar sem áhugi/áhyggjur nema kemur skýrt fram.
- ✓ Verið er að uppfæra námsframboð skólans

næsti fundur hugsanlega 26.mars 2009 eða fyrr.

Ritari, Helga Sveinbjörnsdóttir